Reglugerð um innheimtu eftirlitsgjalds af innflutningi plantna.

1. gr.

Þegar fluttar eru inn vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við tollalög nr. 88/2005, skal greiða eftirlitsgjald í ríkissjóð og skal það notað til að standa undir kostnaði Landbúnaðarstofnunar við eftirlit með innflutningi plantna og plöntuafurða.

Greiða skal 2% eftirlitsgjald af vörum sem falla undir neðangreind tollskrárnúmer:

0601.1000	0602.3000	0602.9059	0603.1100	0603.1903	0604.9109
0601.2001	0602.4000	0602.9070	0603.1201	0603.1904	
0601.2002	0602.9020	0602.9091	0603.1202	0603.1905	0701.1000
0601.2003	0602.9030	0602.9092	0603.1300	0603.1909	0701.9001
0601.2009	0602.9041	0602.9093	0603.1400		0701.9009
	0602.9045	0602.9094	0603.1901	0604.1090	
0602.1000	0602.9049	0602.9095	0603.1902	0604.9101	4401.1001
0602.2000	0602.9051	0602.9099		0604.9102	

Greiða skal 1% eftirlitsgjald af vörum sem falla undir neðangreind tollskrárnúmer:

0702.0001	0704.9002	0705.1111	0705.2900	0707.0011	0709.6002
0702.0002	0704.9003	0705.1112		0707.0012	0709.6003
	0704.9004	0705.1191	0706.1000	0707.0021	0709.6004
0704.1000	0704.9005	0705.1199	0706.9001	0707.0022	
0704.2000	0704.9009	0705.1900	0706.9002		
0704.9001		0705.2100	0706.9009		

2. gr.

Eftirlitsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð vöru og skulu ákvæði V. kafla tollalaga nr. 88/2005 gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu sérstaks eftirlitsgjalds skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 88/2005 svo og reglugerða og annarra fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu sérstaks eftirlitsgjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanns ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, sbr. 25. gr. laga nr. 87/1995.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi eldri reglugerð um sama efni nr. 110/1992.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 2007.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.